

Tveir af stærstu hluthöfum Play vilja taka yfir félagið

Tveir af stærstu hluthöfum flugfélagsins Play stefna á að gera yfirtökuþilboð í alla hluti flugfélagsins og afskrá félagið af hlutabréfamarkaði. Samhliða færi fram hlutafjárukning. Yfirtökuþópurinn, sem leiddur er af Einari Erni Ólafssyni forstjóra og Elíasi Skúla Skúlasyni varaformanni stjórnar, ætlar sér áfram að stuðla að samkeppni á íslenskum flugmarkaði neytendum til góða undir merkjum Play með því að bjóða hagkvæm flugfargjöld fyrir Íslendinga og ferðamenn.

Yfirtökuþópurinn mun leggja áherslu á eftirfarandi þætti í rekstri félagsins:

- Gott framboð til sólarlandastaða frá Íslandi.
- Flug til Norður-Ameríku verði hætt frá og með október 2025.
- Borgaráfangastöðum í Norður-Evrópu mun fækka.
- Flogið verður undir maltnesku flugrekstrarleyfi og íslenska flugrekstrarleyfinu verður skilað.
- Fjórar flugvélar munu sinna flugi til og frá Íslandi, einkum til sólarlanda.
- Hinar sex vélarnar verða leigðar í arðbær verkefni til annarra flugrekenda.
- Félagið verður afskráð af hlutabréfamarkaði.
- Aukin áhersla á skrifstofur félagsins í Möltu og Litháen.

Í stuttu máli munu farþegar frá Íslandi ekki finna fyrir breytingum á þjónustu félagsins. Yfirbragð og ásýnd félagsins og flugvéla verða óbreytt. Farþegaþoturnar verða ennþá rauðar, áhafnir verða frá Íslandi og starfa eftir íslenskum kjarasamningum.

Yfirtökuþópurinn mun gera tilboð sem hljóðar upp á 1 krónu fyrir hvern hlut og geta seljendur annað hvort fengið greitt í formi hlutar í nýju félagi eða reiðufjár.

Með þessum áherslum hyggst yfirtökuþópurinn halda áfram þeirri vegferð að auka vægi arðbærs hluta rekstur félagsins, sólarlandaferða og leiguverkefna, og hætta þeim hluta starfseminnar sem skilað hefur lakari árangri, sem er flug til Bandaríkjanna og tengiflug.

Yfirtökufélagið verður fjármagnað með að lágmarki 20 milljóna dollara fjárframlagi en af þeirri fjárhæð er þegar skuldbinding fyrir rúmlega þriðjungi fjárhæðarinnar.

Einar Örn Ólafsson, fjárfestir og forstjóri Play:

„Hér er fyrst og fremst um að ræða áform um praktískar breytingar á starfsemi íslenska flugfélagsins Play. Með þeim leggjum við áherslu á arðbæra þætti rekstursins, það er sólarlandaflug, og hættum þeim hluta rekstursins sem hefur ekki skilað árangri.

Við hlökkum til að halda áfram að stuðla að samkeppni á flugmarkaði í rauðu vélunum, með íslenskum áhöfnum. Meginmarkmið okkar er nú sem fyrr að bjóða Íslendingum hagkvæm flugfarfargjöld í sólina.“